



# Ársskýrsla og staðtölur 2019

Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík  
Sími 515 0000 / sjukra@sjukra.is / sjukra.is



**Sjúkratryggingar  
Íslands**



María Heimisdóttir,  
forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

## Inngangur forstjóra

Sjúkratryggingar Íslands gerðu á árinu 2019 fjölmarga mikilvæga samninga um heilbrigðisþjónustu. Í júní var undirritaður tilraunasamningur við Öldrunarheimili Akureyrar sem markaði nokkur tímamót en með samningnum var leitast við að mæta betur þörfum notenda með því að bjóða upp á aukinn sveigjanleika í þjónustunni með sveigjanlegri dagþjónustu. Þannig er gefinn kostur á t.d. breytilegum þjónustutíma og tímabundnum úrræðum. Allt eru þetta skref í þá átt að styðja betur við búsetu aldraðra á eigin heimili með því að tryggja nægilegan stuðning og fjölbreytta þjónustu.

Í árslok voru undirritaður samningar um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimila landsmanna en þetta eru meðal mikilvægustu og umfangsmestu þjónustusamninga Sjúkratrygginga Íslands og nema greiðslur vegna þeirra vel yfir 30 milljörðum á ári.

Með nýjum samningi um heimahjúkrun barna var stutt við þessa mikilvægu þjónustu meðal annars með því að tryggja skýra forgangsröðun og nána samvinnu við barnadeildir Landspítala. Samningur um geðheilbrigðisþjónustu fanga markaði tímamót enda í fyrsta sinn sem slík þjónusta er formfest hérlendis. Þjónustan

er í boði í öllum fangelsum landsins bæði með heimsóknum og í gegnum fjarþjónustu. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins leiðir verkefnið en þar starfar þverfaglegt teymi undir stjórn geðlæknis með sérstaka þekkingu á þjónustu við fanga. Áhersla er lögð á samstarf við aðra þjónustuveitendur og að tryggja viðeigandi eftirfylgni og stuðning félags- og heilbrigðisþjónustu eftir að afplánun lýkur. Sjúkratryggingar Íslands og Rauði krossinn á Íslandi náðu sumarið 2019 samkomulagi um framlengingu á samningi um útvegum og rekstur sjúkrabifreiða. Samkvæmt því mun Rauði krossinn áfram annast útvegum og rekstur sjúkrabíla, gegn árlegu fjárframlagi af hálfu ríkisins. Fyrirliggjandi samningur rann út í lok árs 2015 og hafði endurnýjun sjúkrabílaflotans tafist frá þeim tíma. Á árinu 2019 efndu Sjúkratryggingar Íslands til samkeppni um framkvæmd augasteinsaðgerða. Sjálfstætt starfandi aðilum sem aðild eiga að rammamarkaðum um framkvæmd augsteinsaðgerða var boðin þátttaka og var keppt um verð. LaserSjón fékk verkefnið á grundvelli hagstæðs verðs. Með þessu móti var hægt að fjölga aðgerðum á árinu um nálega 50 og þar með auka framboð til sjúklinga án þess að auka útgjöld. Hér eru einungis nefnd örfá dæmi um þá samninga sem gerðir voru á árinu til að tryggja aðgengi að

heilbrigðisþjónustu. Nálga má upplýsingar um aðra samninga stofnunarinnar [hér](#). Eitt meginhlutverk Sjúkratrygginga Íslands er að tryggja aðgengi að heilbrigðisþjónustu með samningum á borð við þá sem áður voru nefndir. Í því hlutverki felst einnig að leita sífellt leiða til að efla og bæta þjónustu við notendur og auka þannig virði hennar. Helstu verkefni á því sviði á árinu 2019 sneru að þeim er þurfa á hjálpartækjum að halda. Annars vegar var unnið að því að stytta og einfalda umsóknarferli um hjálpartæki með því að veita tilteknum heilbrigðisstarfsmönnum utan stofnunarinnar umboð til úthlutunar á einfaldari hjálpartækjum. Þessi breyting gagnast ekki síst notendum sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Nánar er fjallað um þetta verkefni í ársskýrslunni. Hins vegar var ráðist í útivistun umfangsmikillar dreifingar hjálpartækja á höfuðborgarsvæðinu með samningum við sérhæfð dreifingarfyrirtæki. Þessi breyting einfaldaði rekstur stofnunarinnar og sparaði nokkurt fé en mestu skiptir að hægt var að stórbæta þjónustuna, t.d. bjóða upp á meiri sveigjanleika í afhendingu til notandans. Niðurstaðan varð því betri þjónusta fyrir minna fé – aukið virði. Sjúkratryggingar Íslands þakka gott samstarf við notendur og veitendur heilbrigðisþjónustu.

3.219

einstaklingar heimsóttu  
sjúkráðgjafara að meðaltali  
á hverjum virkum degi  
2019

235

samþykktar umsóknir um  
hjálpartæki að meðaltali á  
hverjum virkum degi árið 2019

1.943

einstaklingar heimsóttu  
sérgreinalækna að meðaltali á  
hverjum virkum degi árið 2019

2.338

einstaklingar heimsóttu  
heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins  
að meðaltali á hverjum virkum  
degi árið 2019

120

lyfjaskírteini  
útgefin á dag

67

vitjanir ljósmæðra  
að meðaltali á degi  
hverjum árið 2019

## Dagur í heilbrigðisþjónustu árið 2019\*

### Á árinu 2019

12.651

örorkulífeyrisþegi heimsótti  
sérgreinalækna árið 2019

32.038

ellilífeyrisþegar heimsóttu  
sérgreinalækna árið 2019

35.994

börn heimsóttu  
sérgreinalækna árið 2019

87.308

almennir\*\* heimsóttu  
sérgreinalækna árið 2019

11.083

örorkulífeyrisþegar heimsóttu  
tannlækna árið 2019

25.373

ellilífeyrisþegar heimsóttu  
tannlækna árið 2019

58.220

börn heimsóttu  
tannlækna árið 2019

\* Allar tölur miðast við sjúkratyggða einstaklinga.

\*\* Almennir: sjúkratryggðir einstaklingar aðrir en aldraðir, öryrkjar og börn.

<b>Flokkun</b>	<b>Fjöldi samninga</b>
Samningar um heilsugæslu- og læknisþjónustu	64
Erlendir samningar	18
Samningar um rannsóknir og myndgreiningu	14
Samningar um tannlækningar	9
Samningar um öldrunarþjónustu	5
Samningar um ljósmæðra- og hjúkrunarþjónustu	4
Samningar um þjálfun og endurhæfingu	19
Samningar um sálfræðiþjónustu	7
Samningar um krabbameinsleit	1
Samningar um áfengismeðferð	4
Samningar um sjúkraflutninga	13
Samningar um gistingu og hótelpjónustu	2
Samningar um lyf	11
Samningar um hjálpartæki	59
Samningar um næringu	3
<b>Heildarfjöldi samninga</b>	<b>233</b>
Þar af:	
Samningar við Landspítala	26
Samningar við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni	38

## Yfirlit yfir samninga í gildi í árslok 2019



Sjá nánar: yfirlit samninga [hér](#)

Málefna- flokkur	Fjárlagaliður	Umfang greiðslna í m.kr.:	2019	2018
<b>Sjúkratryggingar:</b>				
24.20	08-206-111	Lækniskostnaður	11.654	10.827
26.10	08-206-115	Lyf	10.665	9.125
26.10	08-206-116	Lyf með S-merkingu	-	8.522
26.30	08-206-121	Hjálpartæki og næring	5.313	4.905
24.20	08-206-125	Hjúkrun í heimahúsum	147	219
24.30	08-206-131	Þjálfun	5.418	5.068
24.20	08-206-135	Tannlæknakostnaður	5.055	4.012
24.40	08-206-141	Sjúkraflutningar og ferðir innanlands	1.047	954
23.30	08-206-145	Brýn meðferð erlendis	2.567	1.991
23.30	08-206-151	Sjúkrakostnaður v. veikinda og slysa erlendis	655	618
24.20	08-206-191	Annað	673	595
<b>Samtals sjúkratryggingar:</b>			<b>43.194</b>	<b>46.835</b>
<b>29.60</b>	<b>08-211-110</b>	<b>Bætur vegna veikinda og slysa</b>	<b>1.842</b>	<b>1.729</b>
<b>Samtals útgjöld sjúkratrygginga og bóta v/veikinda og slysa</b>			<b>45.036</b>	<b>48.563</b>
24.20	08-383-101	Sjúkrahótel	42	62
25.10	08-403	Öldrunarstofnanir	31.058	29.268
25.10	08-447-101	Sóltún, Reykjavík	1.576	1.555
<b>Samtals öldrunarstofnanir og sjúkrahótel</b>			<b>32.676</b>	<b>30.884</b>
32.10	08-310-101	Krabbameinsfélag Íslands	328	318
25.20	08-388-110	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	1.100	926
25.20	08-389	Aðrir samningar um endurhæfingarpjónustu	3.342	3.120
25.10	08-444-101	Vífilsstaðir	824	453
24.40	08-501	Sjúkraflutningar	1.710	1.626
24.10	08-507	Heilsugæslupjónusta skv. reiknilíkani	7.964	6.464
24.10	08-508-101	Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðb.svæðinu	1.640	1.579
<b>Samtals aðrir liðir</b>			<b>16.907</b>	<b>14.484</b>
<b>Heildarumfang liða í umsjá SÍ</b>			<b>94.619</b>	<b>93.932</b>

# Fjárlagaliðir í umsjá Sjúkratrygginga Íslands 2019

## Heildarútgjöld

Fjárlagaliðir í umsjá SÍ í m.kr.:	2019	2018
Sjúkratryggingar og bætur v/veikinda og slysa	45.036	48.563
Öldrunarstofnanir og sjúkrahótel	32.676	30.884
<b>Samtals bókað og greitt hjá SÍ</b>	<b>77.712</b>	<b>79.448</b>
Aðrir liðir í umsjá SÍ	16.907	14.484
<b>Samtals liðir í umsjá SÍ</b>	<b>94.619</b>	<b>93.932</b>

Sjúkratryggingar Íslands hafa umsjón með og annast greiðslur fyrir eftirtalda fjárlagaliði: sjúkratryggingar, bætur vegna veikinda og slysa, öldrunarstofnanir, Sóltún og sjúkrahótel. Þessar greiðslur námu 77,7 milljörðum á árinu 2019. Lækkun frá fyrra ári skýrist af því að fjárlagaliður S-merktra lyfja er ekki lengur í umsjón SÍ.


SÍ hafa að auki umsjón með fjárlagaliðum sem greiddir eru samkvæmt svokölluðum greiðslufyrirmælum hjá Fjársýslu ríkisins. Umfang þessara greiðslna nam um 16,9 milljörðum á árinu. Samtals voru greiddir 94,6 milljarðar vegna fjárlagaliða í umsjá SÍ á árinu 2019.

Nánara talnaefni má finna [hér](#) í Staðtölum 2019.


# Mannfjöldapróun

Á næstu árum er gert ráð fyrir að fólksfjölgun verði mun meiri í elstu aldurshópunum en í þeim yngri. Elstu hóparnir þurfa að jafnaði á meiri þjónustu að halda en þeir sem yngri eru og því leiðir þessi fjölgun til vaxandi kostnaðar í flestum réttindaflokkum sjúkratrygginga.

Mannfjöldapróun - miðgildisspá frá 2020, allir aldurshópar



Mannfjöldapróun - miðgildisspá frá 2020, 60 ára og eldri



# Lyfjaútgjöld

Kostnaður sjúkratrygginga vegna lyfja hækkaði um 1.540 m.kr. eða um 17% á milli áranna 2018 og 2019. Lyfjaverðskrárgengi evru var að meðaltali 138 krónur árið 2019 en 126,3 krónur árið 2018. Gengisbreytingin nemur því 9% milli ára. Á árinu 2019 var mestur kostnaður vegna tauga-

og geðlyfja, eða um 2,9 milljarðar kr. og var mesta kostnaðaraukningin í krónum talið í þeim flokki. Þar á eftir jókst kostnaður í flokki meltingarfæra- og efnaskiptalyfja næst mest í krónum talið eða um 337 m.kr. sem er um 22% aukning á milli ára. Hjarta- og æðasjúkdómalyf koma þar á eftir.


## Lyfjaútgjöld eftir lyfjaflokkum 2017-2019, millj. kr.

Lyfjaflokkur (ATC)	2016	2017	2018	2019	Breyting 2018-2019	
					í m.kr.	%
A Meltingarfæra- og efnaskiptalyf	1.223	1.277	1.526	1.863	337	22%
B Blóðlyf	685	741	893	1.055	162	18%
C Hjarta- og æðasjúkdómalyf	885	914	1.035	1.222	187	18%
D Húðlyf	118	121	131	143	12	9%
G Þvagfæra- og kvensjúkdómalyf og kynhormónar	582	558	653	732	80	12%
H Hormónalyf önnur en kynhormónar	248	254	286	321	35	12%
J Sýkingalyf	118	115	125	133	7	6%
L Æxlishefjandi- og ónæmislyf	423	400	448	522	73	16%
M Vöðvasjúkdóma- og beinagrindalyf	319	320	328	406	78	24%
N Tauga- og geðlyf	2.570	2.393	2.467	2.903	436	18%
P Sníklalyf	9	10	11	11	0	4%
R Öndunarfæralyf	917	867	947	1.031	85	9%
S Augn- og eyrnalyf	205	203	211	239	28	13%
V Ýmis lyf	59	59	64	83	20	31%
<b>Lyfjaútgjöld samtals</b>	<b>8.362</b>	<b>8.231</b>	<b>9.125</b>	<b>10.665</b>	<b>1.540</b>	<b>17%</b>

Skýring: Greining kostnaðar er byggð á gögnum úr tölfræðigagnagrunni SÍ.

ATC flokkun er 5 þrepa flokkunarkerfi þar sem lyf eru flokkuð eftir því í hvaða líffærakerfi þeim er aðallega ætlað að hafa áhrif. Þannig er A flokkur (alimentary) meltingarfæra- og efnaskiptalyf, B flokkur (blood) blóðlyf, C flokkur (cardiovascular) hjarta- og æðasjúkdómalyf o.s.frv. Næsta þrep flokkunarinnar flokkar eftir virka efninu í lyfinu, þar er að finna skráð heiti lyfja á markaði á Íslandi.

## Lyfjaútgjöld eftir ATC-lyfjaflokkum 2017-2019, millj.kr.



Lyfjaflokkur (ATC)	2017	Röð	2018	Röð	2019	Röð	Breyting 2018-2019	
							millj.kr	%
N06B Örvandi lyf, lyf notuð við ADHD og lyf sem efla heilastarfsemi	665	(1)	667	(2)	902	(1)	235	35%
B01A Segavarnalyf	570	(2)	702	(1)	846	(2)	144	20%
A10B Blóðsykurslækkandi lyf nema insúlín	368	(7)	512	(4)	738	(3)	226	44%
R03A Adrenvirk lyf til innúðunar	486	(3)	539	(3)	595	(4)	55	10%
N06A Þunglyndislyf (antidepressiva)	388	(5)	434	(5)	511	(5)	77	18%
N03A Flogaveikilyf	396	(4)	414	(6)	462	(6)	48	12%
N05A Geðrofslyf (neuroleptica/ antipsychotica)	371	(6)	375	(7)	392	(7)	16	4%
A02B Lyf við sársjúkdómi og maga- og vélindis bakflæði	287	(8)	317	(9)	350	(8)	33	10%
L04A Lyf til ónæmisbælingar	265	(10)	314	(10)	341	(9)	27	9%
A10A Insúlín og skyld lyf	279	(9)	318	(8)	337	(10)	20	6%

## Útgjöld vegna sérgreinalækninga, komur og skipting á kostnaði 2019

Sérgreinar	Komur	Heildarútgjöld	Útgjöld á komu	
		v/sérgreina- lækna án afsláttar	Einstaklingur	SÍ
	Þús. kr.		%	
Augnlæknar	71.662	1.052.775	36,8%	63,2%
Barnalæknar	38.505	634.707	5,4%	94,6%
Bæklunarlæknar	32.325	1.050.647	13,9%	86,1%
Geðlæknar	30.183	555.344	26,1%	73,9%
Barna-og unglingsgeðlæknar	6.828	156.878	4,2%	95,8%
Háls-, nef- og eyrnalæknar	44.475	617.325	26,5%	73,5%
Húðlæknar	60.557	725.348	45,5%	54,5%
Kvensjúkdómalæknar	39.284	602.189	55,2%	44,8%
Lyfl. efnaskiptalæknar	5.948	83.033	42,3%	57,7%
Lyfl. gígtaflæknar	13.607	175.229	36,9%	63,1%
Lyfl. hjartalæknar	40.260	794.312	31,1%	68,9%
Lyfl. lungnalæknar	6.428	102.061	33,5%	66,5%
Lyfl. meltingarlæknar/speglanir	18.883	746.867	22,2%	77,8%
Lyflæknar ýmsir <sup>1)</sup>	10.756	173.186	41,2%	58,8%
Skurðlæknar	17.904	567.360	20,2%	79,8%
Svæfingarlæknar <sup>2)</sup>	13.211	991.509	0,2%	99,8%
Taugalæknar	5.805	99.720	29,0%	71,0%
Þvagfæralæknar	15.968	367.821	27,8%	0,0%
Lýtalæknar	7.561	196.776	24,0%	76,0%
Sérfræðingar ýmsir <sup>3)</sup>	3.593	52.373	30,9%	69,1%
<b>Samtals klínískir læknar</b>	<b>483.743</b>	<b>9.745.460</b>	<b>25,4%</b>	<b>74,6%</b>

Skýringar:

Upplýsingar eru m.v.verkdag.

1) Lyflæknar ýmsir eru blóðmeinafræðingar, nýrnalæknar og ofnæmis- og ónæmislæknar.

2) Koma sjúklings á stofu þar sem hann hittir bæði svæfingarlækni og skurðlækni telst sem tvær komur.


3) Sérfræðingar ýmsir: endurhæfingarlæknar, öldrunarlæknar og sérfræðingar í heimilislækningum.

## Þjónusta sérgreinalækna

Komur til sérgreinalækna árið 2019 voru tæplega 484 þúsund. Heildarútgjöld vegna þeirra samkvæmt gjaldskrá heilbrigðisyfirvalda námu ríflega 9,7 milljörðum, þar af greiddu SÍ 74,6%. Margir læknar taka aukagjöld af einstaklingum nú þegar ekki eru í gildi samningar milli SÍ og sérgreinalækna. Þessi gjöld eru mishá og koma

ekki fram í opinberum tölum um kostnað vegna þessarar þjónustu. Þær sérgreinar sem SÍ greiða hlutfallslega mest fyrir eru svæfingalækningar (15%), bæklunarlækningar (13%) og augnlækningar (10%).

### Kostnaðarhlutfall SÍ vegna sérgreinalækna 2019







## Árið 2019 - komur til sérgreinalækna eftir aldri og kyni

Konur nýta sér þjónustu sérgreinalækna meira en karlar í flestum aldursflokkum. Þjónusta sérgreinalækna er mjög misjöfn eftir aldurshópum, t.d. eykst fjöldi koma til hjartalækna með hækkandi aldri en flestar komur til háls-, nef og eyrnalækna eru börn á aldrinum 0-4 ára.


### Allir sérgreinalæknar




### Húðlæknar




### Svæfingalæknar




### Háls-, nef- og eyrnalæknar




### Hjartalæknar



### Meltingarlæknar/speglanir




Sálfræðiþjónusta barna  
Komur til sálfræðinga




Breyting milli ára	-	-46,2%	63,7%	209,9%
--------------------	---	--------	-------	--------

Fjöldi kvenna í heimaþjónustu ljósmæðra



Breyting milli ára	-	3,2%	6,2%	4,6%
--------------------	---	------	------	------


## Fjöldi samþykktra umsókna um hjálpartæki



# Hjálpartæki


Stöðug aukning er í fjölda umsókna og útgjöldum vegna hjálpartækja. Magnaukningu má skýra m.a. út frá hækkandi meðalaldri þjóðarinnar auk þess sem síðustu ár hefur verið lögð áhersla á að stytta biðlista. Fjöldatölur 2011-2019 hafa verið uppfærðar frá eldri útgáfum og talning samræmd. Nú miðast tölurnar eingöngu við fjölda samþykktra umsókna.

## Fjöldi umsækjenda eftir aldri



# Tannlækningar


## Fjöldi barna og viðgerða hjá tannlæknum með kostnaðarpátttöku SÍ 2009-2019



Myndirnar sýna hvernig börnum, sem SÍ greiddu tannlæknakostnað fyrir, fjölgaði eftir gerð samnings um tannlækningar barna árið 2013 og hvernig útgjöld SÍ vegna tannlækninga barna jukust á sama tíma. Loks sýnir græna línun á myndinni að meðalfjöldi viðgerða á hvert barn


hefur farið lækandi á árunum 2010 til 2019 ef undan er skilin lítilsháttar aukning fyrst eftir að barnasamningurinn tók gildi. Sú aukning er eðlileg og bendir til þess að komin hafi verið uppsöfnuð þörf fyrir viðgerðir hjá börnum áður en samningur vegna þeirra tók gildi.

## Heildarútgjöld vegna tannlækninga barna 2010-2019




Útgjöld á verðlagi ársins 2019, neysliverðsvísitala

### Tannlækningar, fjöldi lífeyrisþega sem nutu þjónustu 2010-2019



Myndirnar sýna aukningu vegna tannlækninga aldraðra og öryrkja vegna samnings sem tók gildi í september 2018 en þá hafði endurgreiðslugjaldskrá vegna þeirra ekki hækkað síðan árið 2004. Útgjöld SÍ vegna tannlækninga lífeyrisþega jukust um 73% frá fyrra ári vegna ellilífeyrisþega og 68% vegna örorkulífeyrisþega. Örorkulífeyrisþegum, sem fengu greiðslu frá SÍ vegna tannlækninga, fjölgaði um 5,5% og ellilífeyrisþegum um 7,2%. Að auki hafa Sjúkratryggingar Íslands tekið þátt í tannlæknaðnaði fyrir marga lífeyrisþega hjá tannlæknum utan Íslands á grundvelli svokallaðrar landamæratilskipunar. Umsóknum vegna þessa hefur fjölgað mjög á undanförunum árum. Árið 2017 voru greiddar 2,4 m.kr. vegna 32 mála en á árinu 2019 var fjöldi mála orðinn 695 og útgjöld vegna þeirra 94,7 m.kr.


### Útgjöld SÍ vegna tannlækninga lífeyrisþega 2010-2019



Útgjöld á verðlagi ársins 2019, neysluverðsvísitala

# Sjúkrapjálfun

Skipting kostnaðar SÍ hjá sjúkrapjálfa



\* Almennir: sjúkratryggðir einstaklingar aðrir en aldraðir, öryrkjar og börn


Komur til sjúkrapjálfa voru 801 þús. á árinu 2019 sem eru 25,5% fleiri en árið 2016, áður en tekið var upp nýtt greiðsluþátttökukerfi. Árið 2019 sóttu 18% fleiri einstaklingar meðferð hjá sjúkrapjálfa samanborið við 2016.

Skipting kostnaðar SÍ hefur breyst á tímabilinu en útgjöld vegna sjúkratryggðra einstaklinga annarra en aldraðra, öryrkja og barna (“almennir sjúkratryggðir”) námu 34% árið 2019 en voru 10% árið 2016.

Fjöldi einstaklinga og komur til sjúkrapjálfa ásamt útgjöldum sjúkratrygginga 2016-2019

	2016		2017		2018		2019		Breyting 2017-2018	Breyting 2018-2019
	m.kr.	hlutf.	m.kr.	hlutf.	m.kr.	hlutf.	m.kr.	hlutf.		
Kostnaður sjúkrapjálfunar	4.159	100%	4.993	100%	5.734	100%	6.078	100%	15%	6%
Kostn.hluti SÍ	2.419	58%	3.717	74%	4.743	83%	5.070	83%	28%	7%
Kostn.hluti einstaklinga	1.740	42%	1.276	26%	991	17%	1.008	17%	-22%	2%
Fjöldi einstaklinga	46.527		49.834		52.634		55.093		6%	5%
Fjöldi koma	638.692		711.115		773.235		801.517		9%	4%
Meðalfjöldi koma /einstakling	13,7		14,3		14,7		14,5		3%	-1%



Fjöldi og komur til sjúkrapjálfa



# Sjúkraflug

Sjúkraflugum fjölgaði jafnt og þétt til 2018. Árið 2019 fækkaði þeim hins vegar miðað við fyrra ár og voru alls 763 talsins.

Fjöldi sjúkrafluga 2019 frá:



# Brýn meðferð erlendis


Þó svo nafn þessa liðar bendi til að hér sé einungis um að ræða brýna meðferð sem ekki er hægt að veita hérlendis þá er raunin sú að ýmiss annar kostnaður fellur hér undir. Er þar einkum um að ræða kostnað vegna fyrirfram ákveðinnar meðferðar erlendis sem notendur eiga rétt á á grundvelli reglugerða.

Umsóknum er varða fyrirfram ákveðna eða brýna meðferð erlendis hefur fjölgað mjög. Kostnaður vegna brýnnar meðferðar erlendis er býsna sveiflukenndur enda er þarna almennt um að ræða flókna þjónustu vegna sjaldgæfra sjúkdóma. Undanfarið ár hefur hann þó almennt farið vaxandi bæði vegna fjölgunar landsmanna en ef til vill enn frekar vegna bættrar tækni við greiningu og aukinna meðferðarmöguleika við sérlega vandasöm sjúkdómstilvik.

Hvað fyrirfram ákveðna meðferð áhrærir má rekja aukninguna annars vegar til svokallaðrar „biðtímareglugerðar“ og hins vegar til svokallaðrar „landamæratilskipunar“. Biðtímareglugerðin kveður á um að ef biðtími á Íslandi fer yfir ákveðin mörk þá skapast réttur til meðferðar erlendis á grundvelli Evrópureglna. Fyrsta afgreiðsla vegna þessa var árið 2015. Mest aðsókn hefur verið í liðskiptaaðgerðir erlendis en einnig í magaaðgerðir vegna offitu frá og með árinu 2019. Landamæratilskipunin kveður á um réttindi til að fá heilbrigðisþjónustu innan landa EES á kostnað sjúkratrygginga. Þarna er einkum um að ræða kostnað við tannlækningar lífeyrisþega. Fyrsta afgreiðsla vegna þessara mála var árið 2016.


Nánar er fjallað um áhrif þessara reglugerða á kostnað sjúkratrygginga hér á eftir.

Umsóknir um brýna meðferð erlendis





## Útgjöld Sí og fjöldi mála á grundvelli biðtímareglugerðar




## Fjöldi mála


	Liðskipta aðgerðir	Maga-aðgerðir v. offitu	Annað	Samtals
2016	4	0	0	4
2017	11	0	2	13
2018	25	4	0	29
2019	36	67	3	106
<b>Samtals:</b>	<b>76</b>	<b>71</b>	<b>5</b>	<b>152</b>

Umsóknum er varða fyrirfram ákveðna meðferð erlendis á grundvelli biðtímareglugerðar ( 20. gr. EB reglugerðar nr. 883/2004 sbr. 20. gr. innlendrar reglugerðar nr. 442/2012) hefur fjölgað mjög. Einkum er það um að ræða umsóknir um liðskiptaaðgerðir en einnig hefur umsóknum um magaaðgerðir vegna offitu fjölgað mjög á árinu 2019.


## Fjöldi mála á grundvelli biðtímareglugerðar



## Útgjöld Sí vegna biðtímareglugerðar




Landamæratilskipun samtals árin 2016-2019



Umsóknum um fyrirfram ákveðna meðferð erlendis á grundvelli svokallaðrar landamæratilskipunar (skv. tilskipun EB og innlendrar reglugerðar nr. 484/2016) hefur einnig fjölgað mjög. Á árinu 2019 voru samtals greiddar 168,4 m.kr. vegna 1.338 meðferða. Þetta má að mestu rekja til aukningar í tannlækningum en af þeim 168,4 m.kr. sem greiddar voru fyrir þjónustu á grundvelli tilskipunarinnar á árinu 2019 voru 94,7 m.kr. vegna 695 umsókna.


Landamæratilskipun - tannlækningar erlendis



# Sjúkradagpeningar

Útgjöld Sí vegna sjúkradagpeninga hækkuðu umtalsvert (á föstu verðlagi) á árunum 2016 til 2018, en minni breyting er á milli áruna 2018 og 2019. Útgjöld fara þó enn hækkandi. Fjárhæð sjúkradagpeninga hækkar árlega eins og reglugerð þar að lútandi kveður á um. Hækkanir síðastliðin ár umfram það skýrast annars vegar af fjölgun þeirra einstaklinga sem njóta sjúkradagpeninga og hins vegar af því að hver og einn einstaklingur fær dagpeninga greidda fyrir lengra tímabil.


Fjöldi einstaklinga og útgjöld vegna sjúkradagpeninga



# Sjúklingatrygging

Á árinu 2019 voru gefnar út tæplega 160 ákvarðanir um rétt til greiðslu bóta úr sjúklingatryggingu. Afar misjafnt er hversu há upphæð er greidd vegna hvers og eins máls þar sem bætur sjúklingatryggingar byggja á einstaklingsmiðuðu skaðabótamati. Meðaltalsbætur tryggingarinnar eru því mjög misháar á milli ára.

Sjúklingatrygging  
Fjöldi tilkynntra og afgreiddra mála 2013-2019




# Hjúkrunar- og dvalarrými


Á árinu 2019 var hjúkrunarheimilum greitt skv. reglugerð og gjaldskrá þar sem samningar voru ekki fyrir hendi. Í lok árs voru 2.364 íbúar í hjúkrunar-, geð-, og sérhæfðum rýmum á mót 2.230 árið 2018. Dvalarrýmum fækkaði úr 214 í 181 á sama tíma í samræmi við breyttar áherslur. Dagdvalarrými voru 770 í lok árs 2018 en hafði fjölgað í 804 í lok árs 2019. Umfangið í krónum

talið jókst um 1,7 milljarða eða úr 29,1 milljarð í 30,8 milljarða á milli árána 2018 og 2019. Á myndinni má sjá aldur einstaklinga í hjúkrunar- og dvalarrýmum eftir heilbrigðisumdæmum. Greiðslustuðullinn er meðaltal stuðla sem greitt er vegna hjúkrunarþyngdar í viðkomandi heilbrigðisumdæmi. Reiknaðir eru stuðlar fyrir hvert heimili.

**Aldursdreifing einstaklinga í hjúkrunar- og dvalarrýmum eftir heilbrigðisumdæmum, desember 2019**



## Meðalkomur á mánuði hjá einstaklingum skráðum á viðkomandi heilsugæslu og aðrar komur, árið 2019




# Heilsugæsla höfuðborgar- svæðisins og læknavakt

Árið 2019 voru að meðaltali 2.553 komur á hverja heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu, það er um 7,5% fjölgun koma á mánuði m.v. 2018. Að meðaltali voru 2.378 komur skráðra einstaklinga á eigin stöð en 175 komur að meðaltali frá einstaklingum sem skráðir voru á aðrar stöðvar. Fjöldi koma er í samræmi við fjölda skráðra á stöð, flestar komur eru hjá þeim stöðvum þar sem flestir eru skráðir eins og Árbæ, Salahverfi, Seltjarnarnesi, Sólvangi og Höfða.

Hjá Læknavaktinni voru komur að meðaltali 7.158 á mánuði. Flestar komur eru frá janúar til maí og síðan í desember í samræmi við fjölda frídaga. Um 92% koma á Læknavaktina eru frá einstaklingum sem eru skráðir á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.

## Komur á mánuði á Læknavakt, bæði einstaklingar frá höfuðborgarsvæði og landsbyggð



# Skipulag Sjúkratygginga Íslands

## Fjármála- og rekstrarsvið

Svið fjármála og rekstrar er stoðsvið innan Sjúkratygginga Íslands. Kjarnahlutverk sviðsins snýr því að því að sinna verkefnum sem sameiginleg eru flestum eða öllum sviðum stofnunarinnar og heppilegra er talið að sinna frá einum stað fremur en fela það hverju einstöku sviði.

## Hjálpartækjasvið

Kjarnaverkefni Hjálpartækjasviðs felast í þrennu: Umsýslu réttinda sjúkratyggðra er varðar hjálpartæki og næringarefni, framkvæmd samninga við söluaðila hjálpartækja og loks endurnýtingu og viðgerðir hjálpartækja.


## Tryggingasvið

Kjarnaverkefni Tryggingasviðs felast í tvennu. Annars vegar umsýslu réttinda og kostnaðarpáttöku sjúkratyggðra í heilbrigðisþjónustu. Hins vegar framkvæmd samninga við veitendur heilbrigðisþjónustu. Til viðbótar falla undir sviðið tveir afmarkaðir málaflokkar sem eru slysatryggingar og sjúklingatrygging.


## Viðskiptasvið

Hlutverk sviðsins er tvíþætt. Annars vegar að annast innkaup á heilbrigðisþjónustu samkvæmt stefnu yfirvalda og á grundvelli greiningar á þörf, gæðum og kostnaði. Hins vegar að annast málefni er varða greiðslupáttöku hins opinbera í lyfjakostnaði.


# Komur og umferð um gáttir



Notendur réttindagáttar eftir kyni



Notkun á réttindagátt eftir tegundum tækja



Aldursdreifing notenda réttindagáttar

Réttindagátt	2017	2018	2019	Breyting frá fyrra ári
Heimsóknir	255.629	297.658	350.175	17,6%
Notendur	114.825	134.146	156.588	16,7%
Fjöldi síðna skoðaðar	1.238.592	1.417.750	1.602.158	13,0%
Meðalfjöldi síðna skoðaðar í heimsókn	4,9	4,8	4,8	0,2%


Gagnagátt	2017	2018	2019	Breyting frá fyrra ári
Heimsóknir	217.076	246.866	267.882	8,5%
Notendur	31.213	36.861	34.040	-7,7%
Fjöldi síðna skoðaðar	791.522	919.535	1.007.996	9,6%
Meðalfjöldi síðna skoðaðar í heimsókn	6,4	7,1	7,9	11,2%






### Komur í þjónustuver eftir málaflokkum

Komur samtals 14.917 (2019) og 13.160 (2018)



### Komur í þjónustuver, meðaltal á dag. Allir málaflokkar





# Nýsköpun í hjálpertækjapjónustu

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) vinna stöðugt að umbótum með það að markmiði að bæta þjónustu við notendur.

Einn liður í því er að einfalda og stytta umsóknarferli vegna hjálpertækja með því að veita fagaðilum umboð til að úthluta einfaldari hjálpertækjum beint, án aðkomu starfsmanna SÍ. Er þetta sambærilegt við það sem tíðkast hefur víða á Norðurlöndunum. Með þessu móti er hægt að stytta biðtíma notenda eftir nauðsynlegum hjálpertækjum enn frekar.

Umboðsveitingin er tvískipt. Í fyrsta lagi fá allir umboðsaðilar rafrænan aðgang að eignakerfi SÍ sem heldur utan um hjálpertæki á lagerum SÍ að Vínlandsleið og ef við á, fá þeir einnig aðgang að lagerum utanhúss. Í öðru lagi fá þeir sem úthluta mörgum hjálpertækjum eigin lager til að setja upp á starfsstöð sinni ef aðstaða er fullnægjandi.

Forsenda þess að fagfólk fái umboð til úthlutunar er að sækja námskeið hjá SÍ þar sem m.a. er fjallað um hjálpertækjaráðgjöf, reglur um úthlutun hjálpertækja og ferlið sjálft. Að námskeiði loknu er

opnað fyrir aðgang að lagerkerfi SÍ og þar með er hægt að ganga frá úthlutun hjálpertækis beint til notanda í gegnum gagnagátt SÍ.

Tvö námskeið hafa nú þegar verið haldin, bæði í gegnum fjarfundabúnað vegna COVID-19. Tíu iðjuþjálfar á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) sóttu fyrra námskeiðið. Seinna námskeiðið var sótt af yfir tuttugu iðjuþjálfum og sjúkraþjálfurum frá Búsetusviði Akureyrar, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og SAK. Það má því segja að Norðlendingar séu komnir vel af stað með úthlutun hjálpertækja. Þess má geta að fyrir voru Akureyringar með öflugum hjálpertækjalagera frá SÍ á SAK; bæði á Akureyri og á Kristnesi.






# Mannauðsmál

Í lok árs 2019 voru starfsmenn Sjúkratrygginga Íslands 127 talsins og hafði fjölgað um 4,1% frá fyrra ári. Ársverk voru samtals 120,5 sem er hækkun um 5,2%. Flestir starfsmenn voru í fullu starfi.

Meðalaldur starfsfólks hjá Sjúkratryggingum Íslands er 50,4 ár. Um 48% starfsmanna eru félagar í Sameyki – stéttarfélagi í almannajónustu, 48% eru félagar í ýmsum háskólafélögum og 4% eru í öðrum stéttarfélögum eða utan stéttarfélaga. 72% starfsmanna eru konur.

Veikindadagar á hvert stöðugildi, án langtímaveikinda\*, voru að meðaltali 7,9 og er það heldur lægra en síðustu ár. Að langtímaveikindum meðtöldum var meðaltalið 17,6 dagar. Starfsmannavelta á árinu 2019 var 8,7%, sem er talsverð lækkun frá árinu á undan en þá var veltan 12,3%.

Eitt stærsta verkefni á sviði mannauðsmála árið 2019 var vinna við jafnlaunavottun sem fjöldi starfsmanna kom að.



\*Langtímaveikindi: Meira en 30 veikindadagar á ári.



# Rekstur Sjúkratrygginga Íslands

Rekstrarútgjöld Sjúkratrygginga Íslands námu 1.897 m.kr. á árinu 2019. Fjármögnun rekstrar er annars vegar í formi ríkisframlags 1.103 m.kr. og hins vegar sértekna sem námu 751 m.kr. á

árinu. Stærsti hluti sértekna er vegna rekstrar hjálpartækjamiðstöðvar. Halli ársins stafar af drætti á færslu fjárfestingarkostnaðar sem átti að falla á árið 2018.

## Skipting rekstrargjalda Sí eftir tegundum

